

Nd.

261. Breytingartillögur

[72. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Aftan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja Grími Jónssyni héraðsráðunaut í Ærlækjarseli hálfra eða alla jörðina Hróastaði í Öxarfjarðarhreppi fyrir verð, sem ákveðið verður með mati dómkvaddra manna, enda verði hið selda land notað til stofnunar nýbýlis.

2. Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja kirkjujörðina Múlasel í Mýrasýslu og Hróastaði í Norður-Þingeyjarsýslu.